

## AUGLÝSING

**um samþykkt bæjarstjórnar Kópavogsþær  
fyrir embættisafgreiðslur skipulagsstjóra Kópavogsþær.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsþær þann 10. nóvember 2009 neðangreinda tillögu að breyttu verklagi fyrir embættisafgreiðslur skipulagsstjóra Kópavogsþær:

***Um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra Kópavogs.***

**1. gr.**

*Skipulagsstjóri Kópavogs afgreiðir, án staðfestingar skipulagsnefndar, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. og falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni skipulagsnefnda í lögunum, sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlag nr. 45/1998 og sbr. lög nr. 74/2003.*

**2. gr.**

*Skipulagsstjóra Kópavogs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál, sbr. 1. gr.:*

- að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. og byggingarleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum skv. 3. mgr. 23. gr., sbr. og 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997. Skipulagsstjóra er heimilt að fullnaðarafgreiða tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu.*
- að afgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar skv. 6. málsl. 2. mgr. 21. gr. og 5. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna nema skipulagsnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.*
- að vísa frá eða synja erindum og veita umsagnir um erindi sem beint er til skipulagsnefndar eða bæjarráðs og eru í ósamræmi við skipulagsáætlunar.*

**3. gr.**

*Framangreindar afgreiðslur skipulagsstjóra Kópavogs skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar.*

**4. gr.**

*Skipulagsstjóri Kópavogs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulagsnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsstjóra skal skipulagsstjóri vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.*

**5. gr.**

*Um afgreiðslu skipulagsstjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.*

**6. gr.**

*Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsstjóra skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku máls í bæjarráði Kópavogs með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsnefnd taka málið upp að nýju.*

*Pá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Nr. 938

19. nóvember 2009

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Kópavogi, 19. nóvember 2009.*

**Gunnsteinn Sigurðsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2009